

Árni M. Mathiesen
fjármálaráðherra

- 3.1. Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis – sent 8. febrúar 2010
- 3.2. Bréf vegna framlengingar á fresti til andmæla – sent 17. febrúar 2010
- 3.3. Svarbréf frá Árna M. Mathiesen til rannsóknarnefndar Alþingis –
mótttekið 24. febrúar 2010
 - 3.3.1. Fylgiskjöl með svarbréfi frá Árna M. Mathiesen

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 8. febrúar 2010.

Steinunn K. Fríðónsdóttir

Hr. Árni M. Mathiesen,

I.

Með lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, var komið á fót sérstakri rannsóknarnefnd til þess að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Nefndinni var einnig falið að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og loks hverjir kynnu að bera ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal nefndin gera þeim, sem ætla má að orðið hafi á mistök eða orðið hafi uppvisir að vanrækslu í starfi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni til atriða sem varða þátt þeirra í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til þeirra atriða sem tilgreind eru í III. kafla bréfsins.

II.

Eins og áður segir skal rannsóknarnefnd Alþingis leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að hér sé athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa á þessum sviðum.¹ Þá er tekið fram að með mistökum og vanrækslu sé ekki aðeins vísað til þess þegar tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða þegar vanrækt sé að fylgja lagaboði. Fleira geti fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá geti það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.²

¹ Alpt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

² Alpt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skal rannsóknarnefnd Alþingis einnig leggja mat á hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármáلامarkaðinn og eftirlit með honum og þá innan þess ramma sem starfi rannsóknarnefndarinnar er markaður í lögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að með þessu færist sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt sé hver hafi tekið tiltekna ákvarðanir eða hver hafi átt að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þurfi bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni.¹ Eins og áður sagði skal rannsóknarnefndin samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008 gefa þeim einstaklingum sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, í framangreindum skilningi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Þetta ákvæði á einvörðungu við um þá einstaklinga sem nefndin telur að kunni að bera ábyrgð á svo alvarlegum athöfnum eða athafnaleysi að hún telur rétt að heimfæra það undir „mistök eða vanrækslu“ í skilningi 1. gr. laganna eins og skýra ber hana með hliðsjón af framangreindum lögskýringarsjónarmiðum. Í skýrslu nefndarinnar kann því að verða fjallað um fleiri atriði vegna starfa yðar sem fjármálaráðherra sem nefndin telur aðfinnsluverð þótt nefndin telji þau ekki falla undir hugtökin „mistök eða vanrækslu“ í framangreindri merkingu laganna. Nefndin tekur fram að við mat á því hvaða atriði, athafnir eða athafnaleysi, í störfum yðar kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu“ í framangreindum skilningi, og yður er hér gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir um, hefur nefndin sérstaklega horft til hvað telja megir að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar.

Þau atriði sem yður er hér með veitt tækifæri til að koma að skriflegum athugasemdum um eru eftirfarandi en nefndin hefur jafnframt rætt mörg af þessum atriðum við yður við skýrslutöku.

III.

1.

Fyrir rannsóknarnefnd Alþingis hefur verið upplýst að Davíð Oddsson hafi að morgni 7. febrúar 2008 rætt við forsætisráðherra. Hann var þá nýkominn frá London. Í framhaldi af samtalinu var ákveðið að bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með yður, Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra síðar um daginn. Auk þeirra voru viðstaddir á fundinum Bolli Þór Bollason og Tryggvi Pálsson.

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir fundinn í London hefði hann handskrifað minnisblað. Síðan sagði Davíð, en tekið er fram að sleppt er atriðum sem hafa ekki beina efnislega þýðingu hér: „Okkur lá svo á að koma þessu til ríkisstjórnarinnar, því að mér var náttúrulega mjög brugðið, að hún var ennþá í handriti, í

¹ Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

mínu handriti, sem ég las upp, [...]. En auðvitað hafði ég borið það undir minn samferðamann og hann var sammála því þó að hann hefði líka gert punkta sem voru svona kannski með aðrar áherslur.“ Við skýrslutöku rannsóknarnefndar yfir Davíð var sérstaklega rætt um viðbrögð þeirra ráðherra sem staddir voru á framangreindum fundi með bankastjórn Seðlabankans. Um þetta sagði hann: „Ég get bara sagt það að þegar við komum út af þessum fundi þá sagði ég svona í minn hóp: Ef þetta hreyfir ekki við þessu fólki þá er ekkert sem gerir það. Og ég sagði, og ég heyrði það á umræðunum að þetta fólk er loksins búíð að sjá ljósið. Svo fengum við engin viðbrögð.“ Davíð sagðist hafa haft að fyrra bragði samband við forsætisráðherra og innt hann eftir því hvað ráðherrar ætluðu sér að gera. Síðan segir orðrétt í skýrslu Davíðs: „Og þá sagði hann: Við erum búnir að kalla til bankastjórana og þeir segja að þetta sé ekki rétt, þetta sé allt í lagi. [...] Og einhvern veginn fannst manni... bíddu, hvað getur maður meira gert. [...] Maður skilur þetta svo sem en það er þannig að ef þú trúir okkur hérna í Seðlabankanum, okkar mati, þá þarf eitthvað mikið að gerast. Ef þú trúir þessum þremur bankastjórum þá þarftu ekkert að gera. Og auðvitað er það létta leiðin sem menn velja.“ Davíð bætti því við að ráðherrarnir hefðu ekki einu sinni talið tilefni til þess að ræða þessi alvarlegu tíðindi við viðskiptaráðherra. Davíð var þá spurður að því hvort ekki hefði komið til greina af hálfu Seðlabanka Íslands að afhenda ráðherrunum skriflega skýrslu fyrst ástandið var talið svona alvarlegt. Davíð svaraði: „Það hefði þá þjónað þeim tilgangi að sanna málstað okkar eftir á, en menn voru aðallega að hugsa um hvernig menn mundu bregðast við, en ekki hvort menn mundu passa á sér rassinn upp á síðari tíma. Það hefði auðvitað verið betra ef menn hefðu gert það en við vorum búnir að koma öllu þessu á framfæri.“

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, tók niður fundarpunkta á meðan hann sat fundinn 7. febrúar 2008. Í skýrslu hjá rannsóknarnefnd Alþingis vék hann að viðbrögðum ráðherra eftir að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafði gert þeim grein fyrir efni minnisblaðs Davíðs. Aðspurður um hvort Seðlabankinn hefði komið með tillögur um aðgerðir svaraði Tryggvi: „Þarna hefði maður frekar búist við því að ráðherrar sem fá svona fréttir myndu láta stjórnkerfið undirbúa aðgerðir í samræmi við alvarleika þeirra fréttu sem voru að koma.“

Á umræddum tíma voruð þér fjármálaráðherra. Samkvæmt 1. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands fóruð þér með fjármál ríkisins að því leyti sem þau voru ekki fengin öðrum aðilum og skv. þágildandi 12. tölul. sömu greinar fóruð þér með mat á þróun og horfum í efnahagsmálum. Þér tókuð þátt í umræðum á framangreindum fundi með forsætisráðherra og utanríkisráðherra um ástandið og möguleg viðbrögð. Ekki verður séð að málið hafi verið tekið frekar til afgreiðslu á fundum ráðherra eða ríkisstjórnar.

Af ofangreindu tilefni hefur rannsóknarnefnd Alþingis það til athugunar hvort meta beri þá háttsemi yðar sem mistök eða vanrækslu í skilningi II. kafla hér að framan að þér sáuð hvorki ástæðu til þess að láta ráðuneyti yðar staðreyna, né leggja til að önnur stjórnvöld staðreyndu, hinar fram komnu upplýsingar eða undirbúa aðgerðir. Rannsóknarnefndin hefur framangreint atriði til athugunar í ljósi þess hve alvarlegar þær upplýsingar voru sem

stjórn Seðlabanka Íslands hafði komið á framfæri en ljóst hlaut að vera að sú hættu sem lýst var gat haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir stöðu ríkissjóðs.

Í þessu sambandi skal þess getið að til viðbótar við fyrrnefndan fund 7. febrúar áttuð þér fundi ásamt utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008. Hinn 7. maí 2008 hélduð þér síðan fund ásamt forsætisráðherra og utanríkisráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands og aftur 15. maí 2008. Ekki er að sjá að þessir fundir hafi heldur af yðar hálfu verið taldir gefa tilefni til þess að gera ráðstafanir af því tagi sem vísað var til hér að framan þannig að þær upplýsingar sem þá voru komnar fram væru staðreyndar innan stjórnkerfisins né að koma málum í þann farveg að undirbúnar væru aðgerðir.

2.

Samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót með samkomulagi sömu aðila 21. febrúar 2006. Þar er hlutverk samráðshópsins tilgreint sem „vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta“. Samráðshópurinn er sagður „ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir“. Athygli vekur að í samkomulaginu er ekki sérstaklega tekið fram að það sé hlutverk samráðshópsins að semja tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Skilningur margra þeirra sem skýrslu gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis virðist hafa verið sá að hlutverk samráðshópsins hafi verið, sem ráðgefandi aðila, að gera tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda, væntanlega til að tryggja tímabær, samhæfð og undirbúin viðbrögð við fjármálaáfalli og koma í veg fyrir misskilning um verkaskiptingu stjórnvalda.

Þegar farið er yfir drög að fundargerðum samráðshópsins og skýrslur meðlima hópsins fyrir rannsóknarnefnd Alþingis verður ekki séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008. Eftir það urðu fundir hópsins mun tíðari. Dagana 18. mars til 21. apríl 2008 hélt hópurinn sjö fundi. Á þeim var m.a. fjallað um gerð viðbúnaðaráætlunar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda á þessu tímabili virðist sem dregið hafi úr þeirri áherslu sem ríkti frá 18. mars 2008 varðandi gerð viðbúnaðaráætlunar. Á næstu fjórum fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Sagði hann að minnisblaðið sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli hefði t.a.m. hlotið litla umræðu.

Í skýrslu Bolla Þórs Bollasonar kom fram að hann og Baldur Guðlaugsson hefðu ekki viljað stilla ríkisstjórninni upp við vegg því þeir hefðu talið að ekki þyrfti að taka ákvarðanir fyrr en síðar. Viðhorfsmunur innan hópsins hefði falist í því hvað þyrfti að „konkretísera“ þetta mikið á pappír. Bolli Þór hefði hins vegar talið þurfa að vinna mun hraðar að samningu lagafrumvarps sem hægt yrði að grípa til ef áföll yrðu í rekstri bankanna.

Það er ljóst af þeim gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað um starf samráðshópsins, og af því sem fram kom við skýrslutökur fyrir nefndinni, að á fundum hópsins komu ítrekað fram allt frá því í nóvember 2007 og fram að falli bankanna í október 2008 upplýsingar um slæma stöðu og horfur um rekstur íslensku bankanna og sparisjóða með tilheyrandi áhrifum á fjármálastöðugleika hér á landi og efnahagshorfur. Á fundum samráðshópsins var eins og áður greinir rætt um og lagðar fram tillögur frá fulltrúum einstakra stofnana sem áttu aðild að hópnum um nauðsyn þess að gerð yrði viðbúnaðar- og aðgerðaráætlun af hálfu stjórnvalda. Í tengslum við þetta voru lögð fram á fundum samráðshópsins gögn og samantektir, sérstaklega af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, til undirbúnings því að ráðist yrði í gerð slíkrar áætlunar. Af hálfu fulltrúa þessara stofnana var kallað eftir pólitískri stefnumörkun um ákveðin atriði og þá af hálfu þeirra ráðuneyta sem fulltrúa áttu í samráðshópnum.

Í skýrslu Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, kom fram að hann hefði gert fjármálaráðherra grein fyrir „stærstu þáttunum“ af fundum samráðshópsins. Það hefði „svona verið upp og ofan“ hvort það hefði verið eitthvað „sem í rauninni kallaði á það að menn hefðu áhyggjur“. Þannig hefði hann ekki sest niður með ráðherra eftir hvern fund og gert honum grein fyrir efni þeirra.

Af svörum yðar og fulltrúa ráðuneytis yðar í samráðshópnum fyrir rannsóknarnefndinni verður ekki annað ráðið en yður hafi átt að vera ljós hver var framvindan í starfi samráðshópsins og hvaða áhyggjur komu fram þar um stöðu fjármálafyrirtækjanna, sérstaklega af hálfu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Allir þeir sem sæti áttu í samráðshópnum voru störfum hlaðnir. Það var því ekki við því að búast að þeir hefðu mikinn tíma aflögu til þess að semja viðbúnaðaráætlun. Samráðshópurinn varð því að treysta á Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um slíka aðstoð. Til þess að vinna þá vinnu töldu bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að fá pólitíska stefnumótun um ákveðin atriði. Af hálfu Seðlabankans var jafnframt lagt til að fenginn yrði einstaklingur eða einstaklingar til að stýra undirbúningi að viðbúnaðarstarfi stjórnvalda. Miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra virðist ekki hafa verið í föstum skorðum. Hlutaðeigandi ráðherrar héldu ekki reglulega fundi til þess að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu samráðshópsins og sinna yfirstjórn á verkefninu að því leyti sem það heyrði undir þá, en hér var um afar mikilvægt verkefni að ræða fyrir íslensku þjóðina. Tillögur og skjöl um nauðsyn viðbúnaðar sem lögð voru fram í samráðshópnum af hálfu einstakra stofnana fengu ekki formlega afgreiðslu hjá þeim ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum.

Á umræddum tíma voruð þér fjármálaráðherra. Samkvæmt 1. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands fóruð þér með fjármál ríkisins að því leyti sem þau voru ekki fengin öðrum aðilum og skv. þágildandi 12. tölul. sömu greinar fóruð þér með mat á þróun og horfum í efnahagsmálum. Samkvæmt samkomulagi frá 21. febrúar 2006 sat fulltrúi fjármálaráðherra í samráðshópnum.

Þrátt fyrir framangreint og þær alvarlegu horfur sem lýst hafði verið innan samráðshópsins um stöðu íslensku fjármálafyrirtækjanna hafa engin gögn eða upplýsingar

komið fram fyrir rannsóknarnefndinni um að þér sem fjármálaráðherra hafið á vettvangi ríkisstjórnar eða í samskiptum við aðra ráðherra sem áttu fulltrúa í samráðshópnum tekið til umfjöllunar hver væri staðan í starfi samráðshópsins eða fylgt því eftir að ráðist yrði í gerð viðbúnaðar- og aðgerðaráætlunar af því tagi sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið töldu þörf á.

Að framansögðu athuguðu hefur rannsóknarnefnd það til úrlausnar hvort þér hafið sem fjármálaráðherra sýnt af yður vanrækslu, í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan, með því að hafa ekki brugðist við með úrræðum sem yður voru tiltæk sem fjármálaráðherra þrátt fyrir þær upplýsingar sem fram voru komnar innan ráðuneytis yðar af vettvangi samráðshópsins auk þess sem komið hafði fram á fundum yðar með bankastjórn Seðlabankans, og áður voru raktir, um alvarlega stöðu í rekstri fjármálafyrirtækjanna og hættu á fjármálaáfalli. Einnig verður heldur ekki séð að þér hafið tekið það upp við þá ráðherra sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hvort tilefni væri til þess að vinnu samráðshópsins yrði stýrt á markvissari hátt bæði innan samráðshópsins og af hálfu ráðherra sem áttu aðild að hópnum gegnum fulltrúa sína þar. Rannsóknarnefndin tekur fram að hún telur að byggja verði á því að á ráðherra og viðkomandi ráðuneyti hvíli sú skylda að stjórnlögum að hafa almennt eftirlit með því hver er í stórum dráttum framvinda í þeim málefnum sem heyra undir ráðuneytið og þá í þeim tilgangi að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til afskipta af hálfu ráðuneytisins á grundvelli gildandi lagareglna og eftir atvikum að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á lögum og/eða umfjöllun um málið á vettvangi ríkisstjórnar sem mikilvægt stjórnarmálefni.

3.

Rannsókn nefndarinnar leiðir í ljós að í ríkisstjórn Íslands var lítið rætt um stöðu bankanna og lausafjárgreppuna sem hófst undir loks sumars 2007 og ágerðist eftir því sem á leið. Hvorki verður séð af fundargerðum ríkisstjórnarinnar né frásögnum þeirra sem skýrslur gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þeir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem fóru með efnahagsmál í formi hagstjórnar almennt (forsætisráðherra), bankamál (viðskiptaráðherra) eða fjármál ríkisins (fjármálaráðherra) hafi upplýst ríkisstjórnina sérstaklega um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif þess á efnahag og fjármál ríkisins frá því að þrengja tók að bönkunum og þar til bankakerfið riðaði til falls í október 2008. Á því tímabili hafði þó verið fjallað á gagnrýninn hátt um íslensku bankana í innlendum sem erlendum fjölmiðlum, íslenska krónan hafði veikst verulega auk þess sem skuldatryggingarálag bankanna fór hækkandi. Ekki verður því annað séð en fullt tilefni hafi verið til að ræða málefni bankanna ítarlega í ríkisstjórn. Við mat á því tilefni verður ekki síst að horfa til hlutfallslegrar fyrirferðar bankanna í íslensku efnahagslífi á þeim tíma m.t.t. helstu þjóðhagslegu stærða.

Samkvæmt svörum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis gerðu þessi ráðuneyti á árunum 2007 og 2008 og fram að falli bankanna engar úttektir eða mátu með öðrum formlegum hætti hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku

fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Í því sambandi má telja að hafa hefði þurft í huga annars vegar umfang þeirrar starfsemi í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar hugsanlegar eða þegar orðnar breytingar á rekstrarumhverfi og starfsháttum fjármálafyrirtækjanna, svo sem stofnun innlánsreikninga í erlendum útibúum íslenskra fjármálastofnana og söfnun innlána gegnum þá. Verður þannig ekki séð að yfirlýsingar af hálfu ráðherra í ríkisstjórn um að staðið yrði við bakið á bönkunum hafi verið byggðar á útreikningum sem hefðu getað stutt við mat á því hvort ríkið hefði bolmagn til slíks stuðnings og þá í hvaða mæli. Þá verður heldur ekki séð að þér hafið beitt yður fyrir því að lagt yrði faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hver væri geta ríkissjóðs til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, áður en tekin var afstaða til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega. Með sama hætti verður ekki séð að af hálfu yðar sem fjármálaráðherra eða ríkisstjórnarinnar hafi verið lagt mat á þá fjárhagslegu áhættu og áhrif sem kynnu að fylgja auknum veðlánaviðskiptum Seðlabankans við íslensku fjármálafyrirtækin og auknum skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir fjármál ríkisins og hagstjórn almennt í landinu. Um innlán kemur það einnig til að óháð lagalegum álitaefnum um hugsanlega aðkomu íslenska ríkisins að skuldbindingum sjálfeignarstofnunarinnar, Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sýnir reynslan að umræddar skuldbindingar innlánsstofnana hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að vali stjórnvalda á leiðum til að bregðast við og greiða úr áföllum vegna greiðslubrots innlánsstofnunar. Þar var því sjálfsætt um að ræða atriði sem gat skipt máli við mat á fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna.

Rannsóknarnefnd hefur það til athugunar hvort meta beri yður það til vanrækslu, í þeirri merkingu sem lýst er í kafla II. hér að framan, að hafa ekki í ljósi þess sem yður hafði verið kynnt um stöðu íslensku bankanna af hálfu Seðlabanka Íslands, og fram hafði komið á vettvangi samráðshóps stjórnvalda þar sem fulltrúi yðar sat, látið meta hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Loks hefur nefndin það til athugunar hvort meta beri yður það til vanrækslu að hafa ekki látið leggja mat á það hver geta ríkissjóðs væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, áður en tekin var afstaða til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega.

4.

Þrátt fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, matsfyrirtækin og bankastjórar norrænu seðlabankanna bentu á að íslensku fjármálafyrirtækin væru orðin of stór miðað við íslenska hagkerfið og drægju í efa getu ríkissjóðs til að koma þeim til bjargar, kom það fram í skýrslum forsvarsmanna bankanna fyrir rannsóknarnefnd að hvorki Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið né ráðherrar hefðu lagt fyrir þá formlegar tillögur um að draga úr stærð fjármálafyrirtækjanna. Á hinn bóginn kveðast þeir ýmist ekki muna eða útiloka ekki að stjórnvöld hafi með almennum hætti lagt að þeim að draga úr útlánnum og færa niður

efnahagsreikning bankanna. Rannsóknarnefnd hefur það til athugunar hvort telja beri yður það til mistaka eða vanrækslu í þeirri merkingu sem lýst er í kafla II hér að framan að þér sem fjármálaráðherra eða ríkisstjórnin að tillögu yðar skyldi ekki hafa forgöngu um að stjórnvöld hefðu í frammi samstilltar aðgerðir að leggja formlega að bönkunum að draga úr stærð fjármálafyrirtækjanna í ljós þess hvaða áhrif fjármálaáfall eins eða fleiri banka gat haft á stöðu ríkissjóðs.

5.

Varðandi það í hvaða mæli áhyggjur stjórnvalda af innlánastarfsemi Landsbankans í Bretlandi komu fram og voru ræddar innan íslensks stjórnkerfis í aðdraganda falls bankanna má að minnsta kosti ótvírátt sjá af gögnum og öðrum heimildum rannsóknarnefndar að þær áhyggjur voru ítrekað og ítarlega ræddar á vettvangi þess samráðshóps þriggja ráðherra, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sem áður var getið um. Ljóst er að í viðræðum við bankastjórn Seðlabankans í febrúar 2008 höfðu bankastjórar Landsbankans sjálfir fært fram þá tillögu að lausn á miklum ábyrgðum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta að Icesave innlánsreikningarnir yrðu færður úr útibúi yfir í dótturfélag bankans í London. Það var síðan sumarið 2008 sem breska fjármálaeftirlitið (FSA) lagði áherslu á að þessu leið yrði farin. Þrátt fyrir þessar umræður hafa ekki komið fram við rannsókn nefndarinnar nein skjöl, gögn eða ótvíráðar upplýsingar í skýrslutökum sem gætu orðið til að varpa ljósi á það hvort og að hvaða marki íslensk stjórnvöld lögðu á þessum tíma að Landsbankanum að fara þessa leið. Þá liggur ekki fyrir að ráðherrarnir þeir sem áttu fulltrúa í samráðshópnum hafi sjálfir kallað eftir eða óskað eftir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið kölluðu eftir tímasettum áformum Landsbankans um að færa Icesave reikningana yfir í dótturfélag eða upplýsingum um hvort eitthvað stæði því í vegi að farið yrði að þeim vilja breska fjármálaeftirlitsins að reikningarnar yrðu fluttir til dótturfélags. Formlegar upplýsingar þar um hlutu að skipta máli við mat á því hvort tilefni væri til inngripa af hálfu ríkisstjórnar Íslands til að greiða fyrir því að af flutningnum gæti orðið. Í þessu ferli verður ekki séð að ríkisstjórnin og íslensk eftirlitsstjórnvöld hafi samhæft viðbrögð með sérstökum aðgerðum eða áætlunum á um að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna. Þá var heldur ekki tekið af skarið um það hvaða aðili eða aðilar innan íslenska stjórnkerfisins ættu að hafa forgöngu um að þrýsta á lausn málsins eða tilteknum starfsmanni eða starfsmönnum falið að vinna sérstaklega að málinu. Raunar er það svo að við skýrslutökur fyrir nefndinni kom ítrekað fram í svörum ráðherra og stjórnenda ráðuneytanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans að þeir töldu að það hefði ekki verið í verkahring sinnar stofnunar að þrýsta á um þetta eða hafa forgöngu í málinu en vísuðu þess í stað í aðrar stofnanir.

Ljóst er að í ágústmánuði 2008 dró enn frekar til tíðinda í samskiptum Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins (FSA) sem setti bréflega fram viðvaranir um að til þess gæti komið að það beitti valdheimildum sínum gagnvart innlánsstarfsemi útibúsins í Bretlandi. Við bættist einnig að fyrr um sumarið hafði Landsbankinn hafið starfsemi Icesave reikninga í útibúi bankans í Hollandi með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar íslenska tryggingarsjóðsins. Ef það var á annað borð stefna íslenskra stjórnvalda og vilji að Icesave

reikningarnir yrðu sem allra fyrst fluttir frá útibúi Landsbankans í London yfir í dótturfélag þar mátti þeim ráðherrum sem komu að málinu og stjórnendum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins vera það ljóst að mál höfðu þróast þannig í ágúst og í byrjun september 2008 að hvað sem leið væntingum Landsbankans um að ná samkomulagi við FSA var þörf á beinni aðkomu íslenskra stjórnvalda að málinu. Sjá má fyrir sér að sú aðkoma hefði þurft að beinast að því að kanna hvort og hvernig íslensk stjórnvöld gætu með tímabundinni og skilyrtri fjárhagslegri fyrirgreiðslu eða öðru móti greitt fyrir því að flutningur reikninganna gæti átt sér stað. Í húfi voru verulegir hagsmunir tengdir því að varðveita fjármálastöðugleika á Íslandi og þar með almannahagsmunir. Rétt er líka að taka fram að á fundum samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans bæði 20. ágúst og 4. september 2008 kom fram það viðhorf að Landsbankamenn áttuðu sig ekki fullkomlega á stöðu málsins.

Af frásögnum af fundi viðskiptaráðherra, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og öðrum fulltrúum sendinefndar íslenskra stjórnvalda með fjármálaráðherra Bretlands í London 2. september 2008 verður ekki annað séð en að íslensku fulltrúunum hafi mátt vera ljóst að frá sjónarhóli fjármálaráðherra Bretlands var á þessum tíma talin veruleg hættu á því að Landsbankinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum Icesave reikninganna. Breski ráðherrann lýsti í því efni ráðagerðum um hvernig bresk stjórnvöld myndu ábyrgjast innstæður að fullu og spurði Íslendingana einfaldlega að því hvert ætti að senda reikninginn. Þótt vissulega hafi á fundinum verið rætt um óskir Landsbankans um að fá hæfilegan umþóttunartíma til flutnings Icesave reikninganna í dótturfélag og fram hafi komið að breski ráðherrann hafi sýnt því skilning að ekki mætti ganga of hart fram í málinu þá mátti fulltrúum íslenskra stjórnvalda vera ljóst að viðbrögð breskra stjórnvalda mótuðust fyrst og fremst af því að gæta hagsmuna breskra innstæðueigenda og forða því að vandkvæði í rekstri Icesave reikninganna kölluðu fram áhlaup á banka í Bretlandi og óróa hjá eigendum innstæðna. Þessi staða málsins og mat breska fjármálaráðuneytisins á alvöru þess átti að vera íslenskum stjórnvöldum enn ljósari eftir að starfsmaður ráðuneytisins hafði sett sig í samband við sendiherra Íslands í London 5. september 2008 og kynnt honum að breski ráðherrann hefði orðið fyrir vonbrigðum með fundinn 2. september 2008 þar sem honum fannst íslensk stjórnvöld ekki hafa skilið alvöru málsins.

Hér þarf líka að hafa í huga að íslenska sendinefndin sem fundaði með fjármálaráðherra Bretlands 2. september 2008 var í reynd að óska eftir því að bresk yfirvöld féllust á að um tíma yrðu ekki nægar eignir í dótturfélagi Landsbankans, Heritable Bank, til að mæta skuldbindingum vegna þeirra innlána sem flutt yrðu úr útibúinu. Miðað við það sem rætt hafði verið um í samskiptum Landsbankans og FSA var þarna væntanlega um að ræða allt að helming þeirra eigna sem FSA hafði gert kröfu um að yrðu færðar til dótturfélagsins eða um 2,5 milljarðar punda. Íslendingar voru þannig að óska eftir að það yrði á áhættu Breta að mæta skakkaföllum sem af þessu leiddi.

Þrátt fyrir fundinn í London 2. september 2008 og ábendingar sem bárust frá Bretlandi í kjölfar hans um viðhorf breska fjármálaráðherrans verður ekki séð að þér sem fjármálaráðherra hafið á næstu vikum þar á eftir fylgt því eftir með formlegum hætti á

vettvangi íslenskra stjórnvalda, gagnvart Landsbankanum eða breskum stjórnvöldum eða að kannað hafi verið hver gæti verið aðkoma íslenskra stjórnvalda ef það var á annað borð vilji stjórnvalda að greiða fyrir því að Icesave reikningarnir yrðu fluttir yfir til dótturfélaga Landsbankans erlendis.

Rannsóknarnefnd hefur það til athugunar hvort telja beri yður það til vanrækslu, í þeirri merkingu sem lýst er í kafla II hér að framan, að hafa ekki haft forgöngu um, með tilliti til þeirra verkefna sem féllu undir fjármálaráðuneytið, að ráðherrar og íslensk eftirlitsstjórnvöld samhæfðu viðbrögð með sérstökum aðgerðum eða áætlunum um að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna úr útibúum yfir í dótturfélög á árinu 2008. Í því sambandi skal minnt á það sem fram hafði komið af hálfu Landsbankans í byrjun ársins og síðar breska fjármálaeftirlitsins um vilja til þess að sú leið yrði farin.

6.

Við rannsókn nefndarinnar hefur komið fram að í ágústmánuði 2008 komu fram fyrirspurnir frá erlendum stjórnvöldum og innstæðutryggingarsjóðum um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í kjölfarið fylgdu auk þess fyrirspurnir um hvort og þá hvernig yrði hagað hugsanlegri aðkomu íslenska ríkisins ef Tryggingarsjóðurinn gæti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar. Áður hafði ítrekað verið rætt um málefni Tryggingarsjóðsins á fundum þess samráðshóps stjórnvalda sem ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins átti sæti í sem fulltrúi yðar og hversu greiðslugeta sjóðsins væri lítil ef til verulegra áfalla kæmi í rekstri íslensku fjármálafyrirtækjanna. Af fyrirliggjandi gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað, þ.m.t. úr starfi samráðshópsins og tölvupóstsamskiptum fulltrúa í hópnum, er ljóst að í kjölfar hinna erlendu fyrirspurna komu fram mismunandi sjónarmið af hálfu fulltrúa þeirra ráðuneyta og stofnana sem aðild áttu að samráðshópnum um hvert væri inntak þeirra skyldna sem íslenska ríkið hefði tekið á sig á grundvelli EES samningsins um innleiðingu á tilskipun nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Beindist þetta sérstaklega að því hvort ríkissjóði Íslands væri skylt, og þá með fjárhagslegri aðkomu, að gera Tryggingarsjóðnum kleift að standa við greiðslu á þeirri lágmarksfjárhæð sem kveðið væri á um í lögum um sjóðinn og áður nefndri tilskipun til allra innstæðueigenda í íslensku bönkunum, hvort sem það væri í útibúum hér á landi eða erlendis. Mismunandi viðhorf að þessu leyti leiddu að ákveðnu marki til þess að tafir urðu á svörum við fyrirspurnum hinna erlendu aðila. Þetta hafði einnig áhrif þegar kom að orðalagi þeirra svara sem íslensk stjórnvöld sendu frá sér. Fyrir liggur að af hálfu íslenskra stjórnvalda var ekki leitað sérstaklega eftir lögfræðilegu mati eða ráðgjöf sérfræðinga utan ráðuneytanna um þetta atriði fyrr en eftir fall bankanna. Þá hafa heldur ekki komið fram gögn sem sýna að umrætt atriði hafi verið sérstaklega kannað á þessum tíma af hálfu þeirra starfsmanna ráðuneytanna sem komu að málinu umfram það að lesa áður nefnda tilskipun.

Rannsóknarnefndin hefur til athugunar hvort í tilviki yðar sem fjármálaráðherra, það er þess ráðherra sem fer með fjármál ríkisins og ríkisábyrgðir, teljist það hafa verið vanræksla í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan að þess hafi ekki verið gætt að leggja nægjanlegan lögfræðilegan grundvöll að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem

leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en til þess kom að lagður var grunnur að efni svara íslenskra stjórnvalda í tilefni af fyrirspurnum um þau efni sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum.

7.

Eftir að ljóst varð að Seðlabankinn taldi rétt að gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um aðra lausn á vanda Glitnis, en að Seðlabankinn veitti honum lán til þrautavara hinn 28. september 2008, þurftu þeir ráðherrar sem fóru með þau málefnaðvið er ákvörðunin varðaði verulega að koma að umfjöllun um málið að íslenskum stjórnslögum. Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, skipar forseti ráðherra og skiptir með þeim störfum. Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Sú ákvörðun sem endanlega var tekin um að gera tilboð um kaup á 75% hlut í Glitni var talin heyra undir málefnaðvið fjármálaráðherra að því er fjárútlátin snerti á grundvelli 33. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þurfi úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum sé fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Samkvæmt þessu var það fortakslaus skylda samkvæmt ákvæðinu, að fjármálaráðherra hefði um það samráð við „hlutaðeigandi ráðherra“. Með þetta í huga tekur rannsóknarnefndin fram að samkvæmt 2. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands, sbr. 2. tl. 15. gr. eldri reglugerðar nr. 3/2004 um sama efni, fór viðskiptaráðherra með málefni er vörðuðu fjármálamarkað. Málefni sem vörðuðu fjármálafyrirtæki eins og Glitni heyrðu á þessum tíma undir málefnaðvið viðskiptaráðherra. Úrlausn um beiðni Glitnis um fyrirgreiðslu vegna þess vanda sem talinn var fyrirsjáanlegur í rekstri hans með aðkomu íslenska ríkisins laut eins og málum var háttað ekki bara að einföldum kaupum ríkisins á eignarhluta í hlutafélagi heldur var þar verið að taka afstöðu til þess hvort og hvernig íslenska ríkið ætlaði að standa að stuðningi við og blanda sér í rekstur banka á Íslandi næstu misserin. Niðurstaða í þessu máli af hálfu ríkisstjórnar Íslands og þá annarra valdbærra ráðherra en viðskiptaráðherra, ef því var að skipta, varðaði því bæði Glitni sem fjármálafyrirtæki og einnig málefni fjármálafyrirtækja í landinu almennt og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málefnum þeirra.

Að þessu virtu hefur rannsóknarnefnd Alþingis það til hvort yður hafi borið í ljósi 33. gr. laga nr. 88/1997 að hafa samráð í þessu sambandi við viðskiptaráðherra áður en ákvörðun var tekin á grundvelli ákvæðisins um að gera tilboð um kaup á 75% hlut í Glitni og hvort telja beri það að þér létuð hjá líða að hafa slíkt samráð við ráðherrann til vanrækslu af yðar hálfu í þeim skilningi sem rakinn var í kafla II hér að framan.

V.

Með vísan til 2. máls. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til framangreindra atriða. Þess er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 16.00 hinn 19. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað að

Rannsóknarnefnd Alþingis

svörin berist einnig á tölvutæku formi t.d. USB lykli eða á geisladiski. Ef þér teljið yður þurfa að fá aðgang að skjalasafni Fjármálaráðuneytisins til þess að koma að viðhorfum yðar er þess óskað að þér látið rannsóknarnefndina vita sem fyrst svo greiða megi götu yðar í því efni.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson.

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 17. febrúar 2010.

Hr. Árni M. Mathiesen,

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til yðar frá 8. febrúar 2010 þar sem yður var veitt tækifæri til að koma athugasemdum yðar á framfæri við nefndina á grundvelli 13. gr. laga nr. 142/2008 um afmörkuð atriði.

Þar sem hluti þeirra, sem veitt var færi á að koma að slíkum athugasemdum, hefur óskað eftir lengri fresti til þess að koma þeim á framfæri, hefur rannsóknarnefndin ákveðið að framlengja umræddan frest til miðvikudagins 24. febrúar nk..

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur frestur til þess að koma viðhorfum yðar á framfæri við nefndina og er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 17.00 hinn 24. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað sem fyrr að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson.

Rannsóknarnefnd Alþingis,
Páll Hreinsson formaður,
Skeifunni 19,
108 Reykjavík.

Reykjavík, 24. febrúar 2010.

Efni: Viðhorf til bréfs rannsóknarnefndar, dags. 8. febrúar 2010.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs nefndarinnar til mín, dags. 8. febrúar 2010, en með því bréfi var mér gefið færi á að koma á framfæri viðhorfum mínum til þeirra efnisatriða er í bréfinu greinir, sbr. 13. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Viðhorf mín fara hér á eftir. Ég hef til hægðarauka og skýrleikans vegna kaflaskipt bréfinu eftir því hvaða efnisatriði eru til umfjöllunar af minni hálfu hverju sinni.

I.

Í upphafi bréfs rannsóknarnefndar til mín er vikið að þeim lagagrundvelli sem nefndin starfar á. Þar er getið um að hlutverk nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 sé að „leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða“. Þá skal hún samkvæmt sama lagaákvæði „leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni og hverjir kunni að bera ábyrgð á því“ (leturbr. mín). Í bréfi nefndarinnar til mín eru nánar tilgreindar málsgreinar teknar upp úr athugasemdunum í frumvarpi því er varð að lögum nr. 142/2008. Nefndin lét hins vegar hjá líða að taka upp eftirfarandi texta, sem er að finna í athugasemdunum með ákvæði 1. gr. í ofanefndu frumvarpi:

„Í öðru lagi miðar rannsóknin að því að upplýsa og leggja mat á hvort mistök hafi verið gerð eða vanræksla sýnd við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum. Með lögum og reglum um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum er meðal annars vísað til þeirra laga sem gilda um starfsemi Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, laga um fjármálafyrirtæki og reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett hafa verið á grundvelli þessara laga. Hér er athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa að þessum sviðum.“

Þetta er fyrsta atriðið sem ég staldra við.

Fyrir liggur að ég gegndi embætti fjármálaráðherra frá september 2005 til febrúar 2009. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðuneytið ekki með „framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirliti með henni“. Þau mál heyra undir viðskiptaráðuneytið (nú efnahags- og viðskiptaráðuneyti), sbr. 13. gr. reglugerðarinnar. Þá er eftirlit með fjármálastarfsemi einnig á vegum viðskiptaráðuneytis, enda heyrir Fjármálaeftirlitið stjórnarfarslega undir viðskiptaráðuneytið, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt 8. gr. þeirra laga er hlutverk Fjármálaeftirlits m.a. að fylgjast með að „starfsemi eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.“

Mælt er fyrir um valdheimildir og aðkomu Fjármálaeftirlitsins að fjármálamarkaði víðar í lögum. Þannig segir í 1. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að Fjármálaeftirlitið hafi m.a. eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði, sem falla undir ákvæði laganna, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis. Þá segir í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd þeirra laga og reglna settra samkvæmt þeim. Ennfremur segir í 31. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit með því að starfsemi kauphalla og skipulegra verðbréfamarkaða sé í samræmi við löginn, reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim, svo og önnur fyrirmæli eða samþykktir sem um starfsemina gilda.

Þá fór forsætisráðuneytið á þessum tíma með mál er varða Seðlabanka Íslands, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands, eins og hún var þá. Samkvæmt lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands skyldi Seðlabanki Íslands m.a. sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. , „Hið þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins“ skv .greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Ennfremur fór forsætisráðuneytið samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 177/2007 með skiptingu starfa milli ráðherra og ráðuneyta, sbr. 6. tölul. ákvæðisins, og ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, sbr. 7. tölul. ákvæðisins.

Þá liggur fyrir að engin stofnun á vegum fjármálaráðuneytisins fór með verkefni á þeim sviðum sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, þ.e. sem lúta að fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni.

Með vísan til alls framangreinds, ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, ofanrakinna athugasemda með því ákvæði, reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands og verkskiptingu þar, og þeirra lagaákvæða um Fjármálaeftirlit og Seðlabanka Íslands, sem að framan greinir, hlýtur athugun rannsóknarnefndar Alþingis að beinast að öðrum aðilum en fjármálaráðuneyti. Þannig fæst ekki séð að þau efnisatriði sem tilgreind eru í bréfi nefndarinnar varði fjármálaráðuneytið að neinu leyti. Þetta skiptir vitaskuld verulegu máli við afmörkun á því hvort, og þá að hvaða marki, fjármálaráðuneytið, embættisfærslur mínar sem fjármálaráðherra, og starf Baldurs Guðlaugssonar sem ráðuneytisstjóra kemur til skoðunar hjá nefndinni, sbr. 1.mgr. 1.gr. laga nr. 142/2008.

Þau atriði sem að framan eru rakin skipta ennfremur miklu máli þegar svokallaður samráðshópur forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka um fjármálastöðugleika og viðbúnað kemur til skoðunar, en þeim hópi var komið á með samkomulagi, dags. 21. febrúar 2006, og var honum stýrt af ráðuneytisstjóranum í forsætisráðuneytinu. Ljóst er að verkaskipting og ábyrgð á störfum þess hóps verður að taka mið af gildandi réttarreglum og verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands, eins og hún birtist í reglugerð nr. 177/2007, og eftir atvikum öðrum lagafyrirmælum. Þannig verða ekki færðar ríkari skyldur á fjármálaráðuneyti, mig sem fjármálaráðherra, eða ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, en leiðir af gildandi réttarreglum um Stjórnarráð Íslands.

Sé það engu að síður virkilega svo að ætlunin sé að halda því fram að einhver þeirra verkefna sem hér um ræðir hafi verið í verkahring fjármálaráðuneytisins, sem er mótmælt samkvæmt framansögðu, verður að hafa í huga að stofnanir þær sem með þessi mál fóru af hálfu forsætis- og viðskiptaráðuneyta höfðu samanlagt margföldu starfsliði (u.þ.b. þreföldu) á að skipa miðað við fjármálaráðuneytið.

Að öllu framangreindu verður að gæta þegar embættisfærslur mínar sem fjármálaráðherra verða skoðaðar af rannsóknarnefnd.

Ennfremur verður að hafa í huga, þegar embættisfærslur mínar eru skoðaðar, að ég fór sem fjármálaráðherra með fjármál ríkisins og hafði gert frá árinu 2005, eins og áður segir. Fyrir liggur að staða ríkissjóðs var við hrun bankanna ein sú besta á síðari tímum á Íslandi. Það var því ekki svo að ríkissjóður væri veikburða þegar hrunið skall á heldur þvert á móti í sterkri stöðu, og raunar mun sterkari stöðu en áður til að takast á við áföll af þessu tagi.

Að þessu sögðu er rétt að fjalla efnislega um þau nánar tilgreindu atriði sem getur um í bréfi nefndarinnar til mín, dags. 8. febrúar 2010.

II.

Í bréfi sínu viku nefndin fyrst að fundi bankastjórnar Seðlabankans með Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra, undirrituðum fjármálaráðherra, Bolla Þór Bollasyni ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti og Tryggva Pálssyni frá Seðlabanka, hinn 7. febrúar 2008 og upplýsingum sem þar komu fram. Af hálfu nefndarinnar er upplýst í bréfinu að nefndin hafi það til athugunar hvort það hafi verið „mistök eða vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að láta ekki ráðuneyti mitt „staðreyna, eða leggja til að önnur stjórnvöld staðreyndu, hinar fram komnu upplýsingar eða undirbúa aðgerðir“.

Um það skal í fyrsta lagi áréttuð sú umfjöllun sem getur hér að framan í kafla I um að framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni var ekki á ábyrgð mína sem ráðherra. Getur því aldrei verið um að ræða „mistök eða vanrækslu“ mína í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 enda er það ákvæði, samkvæmt hljóðan þess, bundið við „mistök eða vanrækslu [...] við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni“.

Um upplýsingar þær sem fram komu á ofangreindum fundi skal sagt að ég efaðist í sjálfu sér ekki um að þær væru réttar. Hins vegar verður að horfa til þess að þar var á ferð munleg endursögn formanns bankastjórnar Seðlabankans á viðhorfum hinna ýmsu viðskiptabanka Bretlands og lánshæfismatsfyrirtækja til stöðu Íslands. Var því ekki hægt að staðreyna þessar upplýsingar, t.d. hvort og þá að hvaða marki þessir aðilar voru sammála innbyrðis. Samkvæmt samkomulagi ráðuneytisins við Seðlabankann um lánaumsýslu ríkissjóðs, dags. 4. september 2007, (sjá hjálagt) hafði Seðlabankinn með samskipti við þessa aðila að gera. Aðrar upplýsingar sem fram komu voru á þessum tíma þekktar og aðgengilegar staðreyndir.

Varðandi þessar upplýsingar almennt verður að hafa í huga að þó að ráðuneyti mitt færi með „fjármál ríkisins“ samkvæmt 1. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 og „mat á þróun og horfum í efnahagsmálum“, sbr. 12. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar, þá fór ráðuneytið, og fer ekki, með málefni fjármálakerfisins eða hagstjórn almennt, eins og leiða má af því sem að framan er rakið í kafla I. Þau verkefni voru falin öðrum ráðuneytum og Seðlabanki Íslands fór sérstaklega með þau mál er sneru að fjármálastöðugleika og öryggi fjármálakerfisins sem hér var til umræðu. Hafði hann skyldu til þess að greina stöðu þessara mála, sem hann og gerði, sbr. skýrslur hans um fjármálastöðugleika, og bregðast við ef þurfa þótti, sbr. vald hans til að ákveða bindiskyldu og endurhverf viðskipti við fjármálastofnanir.

Af þessum ástæðum var það ekki á verksviði fjármálaráðuneytisins að bregðast við þessum upplýsingum eða hafa forystu um viðbrögð og vitaskuld sá ég heldur ekki

ástæðu til að vefengja upplýsingarnar. Athyglisvert er í þessu sambandi að formaður bankastjórnar Seðlabankans upplýsti í sjónvarpsviðtali í febrúar 2009 að undirbúningur vegna mögulegrar bankakreppu hefði hafist af hálfu bankans þegar í febrúar 2008. Það var enda réttilega hlutverk Seðlabankans að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Reyndar vil ég halda því fram að undirbúningur aðgerða hafi verið hafinn fyrr af hálfu bankans og annarra og umrædd ferð formanns bankastjórnar Seðlabankans til London hluti af þeim undirbúningi.

Sú staða var þekkt á árinu 2008 að vandi bankanna var einkum skortur á lausafé í erlendum gjaldeyri og endurfjármögnunarerfiðleikar. Höfðu m.a. komið fram áhyggjur vegna þessa hjá matsfyrirtækjunum svokölluðu og var þessi staða því þekkt. Þeir sem fylgdust með þessum málum var hún því ljós. Hins vegar var það svo að þegar fundurinn var haldinn í Seðlabankanum í febrúar 2008 lá ekki annað fyrir en að bankarnir væru þannig fjármagnaðir að þeir gætu fullnægt sínum skuldbindingum vel fram eftir árinu, og jafnvel til ársloka 2009. Þetta staðhæfðu bankarnir ítrekað og allt fram yfir fall Lehman Brothers í New York um miðjan september 2008. Við það fall varð alger brestur á trausti milli aðila í fjármálakerfi heimsins og lánsfjármargaðir lokuðust.

Engar viðvaranir höfðu borist frá Fjármálaeftirlitinu um að útlán bankanna væru í hættu (sbr. samtöl við forstjóra Fjármálaeftirlitsins og gögn frá honum) svo að aðgerðir þær sem voru í gangi á þessum tíma voru sérstaklega miðaðar að því sem var að gerast á fjármálamarkaði í samræmi við upplýsingar frá Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaráðuneytið tók þátt í þessum aðgerðum með öðrum, þ.e. að huga að lántökum, lánalínum o.s.frv., en það var hins vegar ekki þess hlutverk að vera með forystu í þessum málum heldur þeirra sem fóru með þessa málaflokka.

Þær aðgerðir sem voru í gangi eða undirbúningi vörðuðu lántökur, lánalínur, samstarf við ESB um fjármálastöðugleika, veðlán Seðlabankans, flutning Icesave-reikninga, efnahagsreikninga bankanna og flutning höfuðstöðva þeirra og undirbúning viðbúnaðaráætlana.

Lántökur þær sem getur um hér að framan voru lántökur til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans, sem Seðlabankinn varðveitir samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/2001, og styrkja ennfreður lánalínur frá erlendum seðlabönkum fyrir Seðlabanka Íslands. Með því móti yrði tiltrú á íslenska fjármálakerfinu aukin og ennfreður möguleikar bankanna til þess að fá lán eða halda lánum sínum. Tekið skal þó fram að bankarnir héldu því ævinlega fram að þeir væru fjármagnaðir til 12 mánaða, þannig að það var ekki á þessum tíma um að ræða að ríkissjóðir þyrfti að taka lán til að bjarga bönkunum.

Fyrir liggur að um þetta leyti voru ríkisstjórn, Seðlabanki og Fjármálaeftirlit að vinna að því, eftir því sem unnt var, að styrkja stöðu bankanna og þjórðarbúsins í heild, þótt það verkefni hafi að lokum orðið óviðráðanlegt. Hér skal m.a. bent á þá ráðstöfun Seðlabankans að afla skiptasamninga við seðlabanka í nágrennalöndunum í maí 2008, en þá gerðu norrænu seðlabankarnir slíkan samning við Seðlabanka Íslands. Skiptasamningar þessir voru mikilvægir að því leyti að styrkja aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé. Með því eflidist traust á íslensku efnahags- og fjármálakerfi. Um þetta leyti vann Seðlabankinn ennfreður að nýrri skýrslu um fjármálastöðugleika, en þá skýrslu var búið að birta þegar samkomlag var gert við norrænu seðlabankanna. Var því, hvað sem öðru líður, ekki sérstök þörf á því að kalla eftir nýrri greiningu um sama efni á þessum tíma enda var slík vinna hluti af viðvarandi verkefnum Seðlabankans og þurfti ekki að fela hana honum sérstaklega.

Einnig var í þessu samhengi rætt um að fjármálakerfið seldi eignir og minnkaði efnahagsreikning en um þau atriði hafði verið rætt áður og Seðlabanki Íslands haft forgöngu um það gagnvart bönkunum, sbr. skjal undirbúið af Seðlabankanum og lagt fram hjá AGS af fulltrúa Norðurlandanna 10.sept 2008. Síðar var talað um og unnið að því að færa Icesave-reikninga í dótturfélög og um sumarið 2008 var farið að athuga með flutning höfuðstöðva bankanna til útlanda.

Eins og fram kemur í bréfi rannsóknarnefndar tók ég þátt í umræðum á þessum fundi 7. febrúar 2008 og spurði um hvað hægt væri að gera í stöðunni. Í meginatriðum fólu svörin í sér þau atriði sem að ofan eru rakin og unnið var út frá þeim á næstu mánuðum. Ég minnst þess ekki að Seðlabanki Íslands hafi komið með aðrar tillögur, sem ekki voru í samræmi við ofangreint, eða tillögur yfirleitt sem ekki var farið eftir. Framkvæmdin var undir forystu forsætisráðuneytis en að mestu í höndum Seðlabanka Íslands eðli málsins samkvæmt. Fjármálaráðuneytið kom að þeim þáttum sem að því sneri hvað lánamálin varðar en Seðlabanki Íslands fór með þau mál fyrir hönd ráðuneytisins.

Athyglisvert er að í áður nefndu skjali undirbúnu af Seðlabankanum og lagt fram hjá AGS af fulltrúa Norðurlandanna 10.sept 2008 kemur fram mat á stöðu íslensku bankanna á þessum tíma. Þar segir m.a. að bankarnir hafi dregið saman lánaþætur sínar og selt eignir, sem aðgerðir til að hafa stjórn á áhættu og auka traust markaðarins. Vegna þessara aðgerða var í minnisblaðinu talið að bankarnir hefðu nægt lausafé til að mæta skuldbindingum þeirra fram á árið 2009. Þetta sýnir það viðhorf sem var ríkjandi á þessum tíma. Annað varð hins vegar uppi á teningnum þegar fjármálamarkaðir skyndilega lömuðust upp úr miðjum september 2008 í kjölfar falls Lehman Brothers í New York.

Ætla má að þeir aðilar sem fóru með forystu og framkvæmd þeirra aðgerða sem hér ræðir geri frekari grein fyrir þeim.

III.

Í öðru lagi beinast fyrirspurnir rannsóknarnefndar að svokölluðum samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem áður hefur verið vikið að. Fulltrúi minn í þeim hópi var Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri.

Varðandi þann samráðshóp skal áréttað það sem getur um hér að framan um að verkaskipting og ábyrgð á störfum þess hóps verður að taka mið af gildandi réttarreglum og verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands, eins og hún birtist í reglugerð nr. 177/2007. Þannig verða ekki færðar ríkari skyldur á fjármálaráðuneyti, mig sem fjármálaráðherra, eða ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, en leiðir af gildandi réttarreglum um Stjórnarráð Íslands. Er sérstaklega tekið fram í samkomulagi því sem var grundvöllur starfshópsins, dags. 21. febrúar 2006, að það takmarki ekki svigrúm hvers aðila samkomulagsins um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.

Þá verður að árétta að samráðshópur þessi hafði enga sérstaka stöðu að lögum sem gerði það að verkum að á honum hvíldu einhverjar nánar tilgreindar skyldur til að athafna eða aðgerða, t.d. að gera viðbúnaðaráætlanir. Engar slíkar skyldur hvíldu á hópnunum. Hann var fyrst og fremst vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta ráðuneyta og stofnana. Gert var ráð fyrir að á vettvangi samráðshópsins yrði leitast við að samhæfa viðbrögð við hugsanlegu fjármálaáfalli á grundvelli lögbundins hlutverks hvers aðila hans um sig.

Hins vegar virðist þegar horft er til baka að starf hópsins hafi verið afar nauðsynlegt og leitt til þess að stjórnvöld voru betur undirbúin þegar áfallið reið yfir. Upplýsingaflæði, samráð og samstarf hefur án efa verið betra og árangursríkara vegna tilvistar hópsins og starfs hans að t.d. viðbúnaðaráætlun og lagafrumvarpi. Það að um hópstarf var að ræða getur þó hafa haft þau áhrif að formfestu gætti ekki eins og annars hefði verið í samskiptum þeirra aðila sem aðild áttu að hópnum. Þegar menn nú velta fyrir sér starfi hópsins er ágætt að velta því fyrir sér líka hvað hefði komið í stað hópsins ef hans hefði ekki notið við. Það getur ekki staðist ef á að fara að álasa mönnum fyrir að starfrækja samráðshóp sem þennan umfram lagaskyldu. Ef svo er þá er virkilega verið að snúa hlutum á haus.

Vegna fyrirspurna nefndarinnar sem að þessum samráðshópi lúta og atriðum honum tengdum er rétt að taka eftirfarandi fram:

Samráðshópur þessi var á forræði forsætisráðherra og málefni fjármálakerfisins á forræði annarra ráðuneyta, og stofnana þeirra, þ.e. Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, eins og áður segir, en ekki fjármálaráðuneytisins. Því var ekki tilefni fyrir mig til þess að taka málefni hópsins upp við aðra ráðherra án sérstakrar ástæðu. Málefnið sem hópurinn var að vinna að voru hins vegar til umræðu á fjölda funda ráðherra og annarra sem aðild áttu að hópnum. Aðild fjármálaráðuneytisins byggðist m.a. á því að ráðuneytið fer með ríkisfjármálin og afleiðingar atburða innan fjármálakerfisins og að viðbrögð við þeim hefðu áhrif á þau. Aðildin byggðist ekki á því að innan ráðuneytisins væri sérþekking á fjármálakerfinu sem gerði ráðuneytið í stakk búið til, eða skylt, til að hafa forystu um það hvað ætti að gera. Gerð einhvers konar viðbúnaðaráætlunar gat því aldrei verið á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, en ráðuneytið vann vitaskuld að þessum málum sérstaklega og í heild í samvinnu við aðra aðila eftir því sem tilefni var til og í samræmi við skyldur hvers og eins, eins og kemur fram annars staðar í bréfi þessu.

Þá er það ekki rétt sem haldið hefur verið fram að staðið hafi á því á vettvangi samráðshópsins að ráðist væri í gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar „af því tagi sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið töldu þörf á“, svo notað sé orðalag bréfs nefndarinnar. Í fyrsta lagi skal um þetta sagt að engin skylda hvíldi að lögum á samráðshópnum til að útbúa slíka áætlun, sbr. það sem að framan er rakið. Þá liggur fyrir að allt frá því allmörgum mánuðum fyrir bankahrun og fram að því að bankarnir féllu var unnið að viðbúnaðar- og aðgerðaáætlun og undirbúnir textar yfirlýsinga og lagafrumvarpa sem yrðu að vera til staðar ef fjármálaáfall ætti sér stað. Þegar endanlega varð ljóst, aðfararnótt 6. október 2008, í hvað stefndi voru stjórnvöld því það vel undirbúin að unnt reyndist að ganga frá lagafrumvarpi og öðrum ráðstöfunum stjórnvalda á örfáum klukkustundum. Ætla verður að um þessi atriði, og starf samráðshópsins almennt, verði fjallað nánar af þeim sem þar höfðu forystu og störfuðu.

Að lokum skal tekið fram varðandi samráðshópinn að starfsemi hópsins var á forræði forsætisráðherra, eins og áður segir, og undir stjórn þrautreynds ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins. Ég taldi ekki annað en að starfsemi hópsins væri eins og hún ætti að vera, enda hefur annað ekki komið fram að mínum dómi. Ef ég hefði ekki talið svo vera hefði ég tekið það upp við forsætisráðherra. Ég bar ennfremur fullt traust til míns nánasta samstarfsmanns, Baldurs Guðlaugssonar annars þrautreynds ráðuneytisstjóra, til þess að meta hvað þyrfti að upplýsa mig um sérstaklega umfram það sem fram kom í okkar umræðum um þessi mál almennt vegna þeirrar vinnu sem við tókum þátt í.

Starfsemi hópa sem þessara byggja m.a. á því að betur sjá augu en auga og aðild fjármálaráðuneytisins byggðist að hluta til á því, en ekki á því að ráðuneytið hefði

sérstökum skyldum að gegna í tengslum við atriði sem þar voru til umfjöllunar, sbr. það sem að framan er rakið.

Þá er það ennfremur svo að hafi einhverjir aðilar innan samráðshópsins verið ósáttir við afstöðu fulltrúa fjármálaráðuneytisins (eða annarra í hópnum) þar þeim skylda til að taka það upp við sína yfirmenn og eftir atvikum sína ráðherra. Þeir ráðherrar eða yfirmenn fulltrúa í hópnum hefðu þá tekið málin upp við forsætisráðherra og hann við aðra ráðherra eða formann hópsins.

IV.

Í þriðja lagi beinir rannsóknarnefndin sjónum að stærð og stöðu íslensku bankanna og tekur fram að til athugunar sé hvort það teljist vanræksla í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 af mér að hafa ekki látið „meta hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra“ og ennfremur að hafa ekki „látið leggja mat á það hver geta ríkissjóðs væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, áður en tekin var afstaða til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega“.

Sem fyrr eru áréttuð þau sjónarmið sem færð eru fram í kafla I hér að framan og lúta að því að framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni var ekki á mína ábyrgð sem fjármálaráðherra.

Að því er varðar athugun nefndarinnar um þau atriði sem hér að framan eru rakin er því til að svara að málefni er varða stöðugleika og öryggi fjármálakerfisins, „hið þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins“ (sbr. greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands) og þar með áhættu fyrir ríkissjóð af fjármálakerfinu, eru hjá Seðlabanka Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001, sem jafnframt varðveitir gjaldeyrisvarasjóð en stærð hans skiptir miklu máli í þessu samhengi. Ráðuneytið hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Seðlabanka Íslands um þessi málefni og í ákvörðunum og tillögum til ríkisstjórnar og Alþingis byggt á tillögum þeirra og mati. Árið 2006 var gjaldeyrisvarasjóðurinn styrktur og eigið fé Seðlabanka Íslands aukið að tillögu Seðlabankans til þess að styrkja stöðu hans til að gegna hlutverki sínu. Fjármálaráðuneytið hafði ekki sömu möguleika og Seðlabanki Íslands til þess að meta hver þörfin var fyrir gjaldeyrisvarasjóð og eigið fé á þeim tíma og byggði eins og áður á tillögum Seðlabanka Íslands. Gert var ráð fyrir að ef aðstæður breyttust kæmu tillögur um nauðsynlega aðkomu fjármálaráðuneytisins í þessum efnum frá Seðlabankanum.

Ef þörf hefði verið á að gera sérstök mót, umfram það sem samráðshópurinn hafði undir höndum, og Fjármálaeftirlitið gerði í álagsprófum sínum og Seðlabankinn gerði í stöðugleikaskýrslum sínum, hafði Seðlabanki Íslands bæði sérstakar deildir til að sinna fjármálakerfinu og hagrannsóknnum samkvæmt lögum. Seðlabankinn fór með mat á ríkisábyrgðum skv. samkomulagi við fjármálaráðuneytið til viðbótar við hlutverk sitt hvað varðar „hið þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins“. Hann var því bæði betur í stakk búin til að gera slíkt heldur en fjármálaráðuneytið auk þess að hafa verkefnið með höndum samkvæmt lögum.

Einhvers konar eftirlit fjármálaráðuneytisins með Seðlabanka Íslands gat ekki orðið samkvæmt gildandi lögum þar sem Seðlabankinn heyrði undir annað ráðuneyti, og er auk þess sjálfstæð stofnun og öðrum, þ.e. ríkisendurskoðun, ætlað eftirlitshlutverk með Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum en ekki fjármálaráðuneytinu. Það hefði verið í algerri andstöðu við hugmyndir um sjálfstæði seðlabanka ef ráðuneytið hefði skipt sér af ákvörðunum bankans á þann hátt. Engar viðvaranir höfðu borist frá Fjármálaeftirlitinu um að útlán bankanna væru slíkri í hættu að gera þyrfti sérstakt

mat vegna þess. Því miðaðist umræðan á þessum tíma við mat á stöðugleika og öryggi kerfisins vegna endurfjármögnunar og viðbrögð tengd stöðu og styrk gjaldeyrisvarasjóðsins og Seðlabanka Íslands, og lántöku erlendis vegna þess. Seðlabankinn hefði átt að segja til fyrr ef hann taldi ekki nóg að gert í þessum efnum. Endurhverf viðskipti Seðlabankans byggjast á reglum sem hann setur sjálfur og hann metur sjálfur lánshæfi viðskiptavina og bankinn mat fjármálakerfið í meginatriðum traust í skýrslu sinni vorið 2008. Þá er rétt að minnst þess að þegar bönkunum var skipt upp í gamla og nýja í byrjun október var gert ráð fyrir að endurhverf viðskipti bankanna væri í nýju bönkunum og því ekki í hættu á að tapast.

Fyrir liggur ennfremur að nettó-staða ríkissjóðs var skuldlaus á þessum tíma. Bolmagn ríkisins til þess að styðja við bankana fór því eftir lánamöguleikum ríkissjóðs og getu til að greiða vexti, og hefur sennilega aldrei verið meira heldur en rétt fyrir upphaf þeirrar þróunar mála sem leiddi til falls bankanna. Lánamál ríkisins höfðu á þessum tíma öll verið falin Seðlabanka Íslands í hendur, sbr. samning þess efnis milli Seðlabanka og fjármálaráðuneytis, en erlendar lántökur hafa verið verkefni Seðlabankans um langt skeið. Seðlabanki Íslands fylgdist því með lánamörkuðum en mat á möguleikum Íslands til að styðja við bankakerfið miðað við áhættu hefði væntanlega haft litla þýðingu þar sem þróun mála á Íslandi sem og erlendis á árinu 2008 var allt önnur og verri en nokkurn hefði grunað.

Hvað varðar yfirlýsingar mínar út á við þá voru þær hófstilltar og á þann veg að við myndum gera það sem ábyrg stjórnvöld í okkar heimshluta myndu gera. Þó orðum hafi verið hagað á þennan hátt er ekki hægt að segja að það kalli á sérstaka úttekt til þess að byggja á og sennilega verið óeðlilegt ef stjórnvöld hefðu ekki verið tilbúin til að taka til orða á þann veg sem að ofan getur. Hver stuðningur stjórnvalda við bankakerfi gæti hugsanlega orðið hefur ekki verið gefið út fyrir fram og það atriði því haft vísitandi óljóst svo að ekki kæmi upp „moral hazard“ staða. Þróun mála varð hins vegar sú að stjórnvöld hafa neyðst til þess að gera miklu meira en nokkurn hefði grunað að nauðsynlegt væri til að sporna við frekari áföllum hjá fjármálakerfi heimsins.

Í bréfi rannsóknarnefndar er tekið fram að „mistök eða vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skuli metið út frá því „hvað telja meggi að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar“, eins og segir í bréfi nefndarinnar. Ljóst er að hugsanlegur skortur á mati á hugsanlegri fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna og hver væri geta ríkissjóðs til að styðja fjárhagslega við bakið á fjármálafyrirtækjum landsins getur, hvað sem öðru líður, aldrei haft þýðingu við mat á aðdraganda og orsökum að falli bankanna og afleiðingar þess. Miðað við stöðuna á þessum tíma, 2008, hefðu frekari mót af þessu tagi engu breytt fyrir þær aðgerðir sem farið var í eða þá framvindu er varð. Bankarnir hefðu fallið hvort sem slík frekar mót sem að framan greinir hefðu farið fram eður ei.

V.

Í fjórða lagi hefur rannsóknarnefndin það til athugunar hvort telja beri mér það til „mistaka eða vanrækslu“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að hafa ekki sem fjármálaráðherra, eða ríkisstjórn að tillögu minni, haft forgöngu um að stjórnvöld „hefðu í frammi samstilltar aðgerðir að leggja formlega að bönkunum að draga úr stærð fjármálafyrirtækjanna í ljósi þess hvaða áhrif fjármálaáfall eins eða fleiri banka gat haft á stöðu ríkissjóðs“, eins og segir í bréfi nefndarinnar.

Eins og áður segir höfðu tvö ráðuneyti og stofnanir þeirra með málefni fjármálakerfisins að gera, þ.e. forsætisráðuneytið og Seðlabanki Íslands annars vegar, og viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið hins vegar. Þessar stofnanir höfðu

eftirlit með og samskipti við bankana. Eitt af því sem rætt var um að gert yrði á fundum ráðherra og Seðlabanka Íslands var að bankarnir drægju úr starfsemi sinni, þ.e. seldu eignir og minnkuðu efnahagsreikninginn. Jafnvel er hægt að tala um að þetta hafi verið yfirlýstur vilji stjórnvalda frá seinni hluta ársins 2007, sbr. umfjöllun í skýrslu Kaarlo Jännäri, bankasérfræðings frá Finnlandi (frá 30. mars 2009). Ég tel að Seðlabanki Íslands hafi séð um þessi samskipti við bankana eins og gert hafði verið áður, sbr. skjal undirbúið af Seðlabankanum og lagt fram hjá AGS af fulltrúa Norðurlandanna 10. sept 2008. Samkvæmt tölum sem birst hafa opinberlega dróst íslenska fjármálkerfið saman um 7% í evrum talið á árinu 2008 þó vöxtur hafi verið í íslenskum krónum vegna gengisfalls.

Þess ber að geta að það er Seðlabankinn í íslensku stjórnkerfi sem hefur þau tæki sem hægt er að nota í þessu samhengi með tiltölulega skömmum fyrirvara, þ.e. bindiskyldu og endurhverf viðskipti við bankana. Þarf hann ekki að leita eftir álitum eða umboði ríkisstjórnar til þess að beita þeim. Fjármálaeftirlitið hefur svo með leyfisveitingar og skilyrði fyrir þeim að gera að svo miklu leyti sem hægt er að beita slíkum tækjum í þessum tilgangi. Þessi tæki hefur fjármálaráðuneytið eðli málsins samkvæmt ekki.

Það verkefni sem hér um ræðir er ekki auðvelt og vísa ég til umfjöllunar í skýrslu Kaarlo Jännäri um það efni. Ég minnst þess þó ekki að hafa fengið beiðni um að fjármálaráðuneytið beitti sér gagnvart bönkunum í þessu efni vegna þess að ekki væri farið að tilmælum eða fyrirmælum Seðlabanka, Fjármálaeftirlits eða annara.

Ekki er hægt að halda því fram að það að ráðuneyti, þ.e. fjármálaráðuneytið, sem ekki hafði lögformlega með málefni fjármálakerfisins að gera hafi ekki gripið fram fyrir hendur þeirra ráðuneyta og stofnana sem með málin fóru geti talist „mistök“ eða „vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 og enn síður að það „hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar“.

VI.

Í fimmta lagi virðist athugun rannsóknarnefndar, miðað við bréf hennar, beinast að því telja beri mér það til „vanrækslu“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að hafa „ekki haft forgöngu um, með tilliti til þeirra verkefna sem féllu undir fjármálaráðuneytið, að ráðherrar og íslensk eftirlitsstjórnvöld samhæfðu viðbrögð með sérstökum aðgerðum eða áætlunum um að greiða fyrir flutningi Icesave reikninganna úr útibúum yfir í dótturfélög á árinu 2008“.

Enn sem fyrr er áréttað að framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni var ekki á mína ábyrgð sem fjármálaráðherra. Mér er kunnugt um að viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið, sem ábyrgð báru á þessu verki, voru að vinna þetta verkefni alveg fram á síðustu stundu. Jafnvel var talið um tíma í september 2008 að það væri að takast að flytja Icesave skuldbindingarnir til Bretlands. Vitaskuld er ekki hægt að halda því fram að það að fjármálaráðuneytið, sem ekki hafði lögformlega með málefni fjármálakerfisins að gera, greip ekki fram fyrir hendur viðskiptaráðuneytis eða Fjármálaeftirlits, sem hafa með þessi mál að gera lögum samkvæmt, geti talist „mistök“ eða „vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 og enn síður að það „hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar“.

Sé því samt sem áður, og þvert á framangreint, haldið fram að um „mistök“ eða „vanrækslu“ af hálfu fjármálaráðuneytisins hafi verið að ræða þarf vitaskuld að gera grein fyrir því hvað ráðuneytið hefði átt að gera og hvernig. Þá þarf að greina hvaða áhrif þær aðgerðir hefðu haft. Við það þarf líka að hafa í huga að íslensk stjórnvöld halda því fram, og um það hefur Alþingi ályktað, að ríkissjóði beri ekki skylda til að

ábyrgjast skuldbindingar Tryggingasjóðsins. Telji einhver sig í dag vita með óhyggjandi hætti hvað fjármálaráðuneytið átti að gera í þessari stöðu á sínum tíma hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna Fjármáleftirlitið og viðskiptaráðuneytið sáu ekki það sama á þeim tíma.

Fjármálaráðuneytið hafði ennfremur, og hvað sem öðru líður, ekki ástæðu til að efast um að hér væri ekki eins vel staðið að hlutum og kostur var né aðstöðu eða vald til grípa fram fyrir hendur þessara aðila. Tekið skal þó fram að undirritaður talaði við Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu um að hvetja til þess á vettvangi margnefnds samráðshóps að Icesave-reikningarnir yrðu fluttir yfir í dótturfélög svo fljótt sem auðið væri. Það var snemma í ferlinu og hann kom því á framfæri við hópinn, sbr. fundargerð samráðshóps 1. apríl 2008.

Þá er athyglisvert að í niðurlagi minnisblaðs formanns bankastjórnar Seðlabankans frá 7. febrúar 2008 er ekki minnst á Landsbankann en Glitnir og Kaupping taldir hafa stefnt sér og íslensku fjármálalífi í mikla hættu. Það er reyndar í samræmi við það að Landsbankinn hafði jafnan lægsta skuldatryggingaálag bankanna þriggja og að í skjali undirbúnu af Seðlabankanum og lagt fram hjá AGS af fulltrúa Norðurlandanna 10. sept 2008. er það talið jákvætt að bankarnir auki fjölbreytni í fjármögnun sinni.

Þá verður enn fremur að hafa í huga að bankarnir féllu ekki vegna Icesave-reikninganna. Icesave er vandamál vegna þess að bankarnir féllu. Bankarnir féllu vegna eigin stöðu hvað varðar fjármögnun, útlán og samskipti við erlenda eftirlitsaðila.

VII.

Í sjötta lagi hefur rannsóknarnefndin, samkvæmt bréfi hennar, til athugunar hvort í tilviki mínu sem fjármálaráðherra teljist það hafa verið „vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að þess hafi „ekki verið gætt að leggja nægjanlega lögfræðilegan grundvöll að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en til þess kom að lagður var grunnur að efni svara íslenskra stjórnvalda í tilefni af fyrirspurnum um þau efni sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum“.

Fyrirspurnir þær sem vitnað er í hvað þetta athugunarefni varðar voru til viðskiptaráðuneytisins og stofnana þess Fjármáleftirlitsins og Tryggingasjóðsins og vörðuðu málefni þeirra. Þessir aðilar svöruðu enda fyrirspurnunum. Fyrir liggur að fulltrúar fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, sem fóru með málefni Tryggingasjóðsins, höfðu mismunandi skoðanir á réttarstöðunni að þessu leyti til. Þá hefur komið í ljós að skoðanir meðal annara lögfræðinga eru líka skiptar á þessu máli, eins og hefur sýnt sig með áþreifanlegum hætti á undanförunum misserum í tengslum við umræðu um ábyrgð íslenska ríkisins á Icesave-skuldbindingunum. Utanaðkomandi álit lögfræðinga/lögmanna, eitt eða fleiri, hefðu væntanlega ekki lagt neitt öruggari lagalegan grunn, en fyrir lá, enda er ennþá verið að deila um málið. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur verið að ekki sé greiðsluskylda fyrir hendi. Ekki verður séð að það að ekki var leitað fleiri lögfræðiálita á þessum tíma um mál sem reynst hefur svo umdeilt lögfræðilega, geti talist „vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008, og enn síður að það hafi haft nokkra þýðingu um orsakir að falli bankanna.

Hvað sem líður nauðsyn á frekari lögfræðiálitum hlýtur það að vera í verkhring þess sem svarar erindinu að leggja grundvöll svarsins og leita frekari álita ef hann taldi grundvöllinn ekki nægjanlega traustann.

Hvað varðar efnisatriði svarsins um aðstoð eða stuðning við Tryggingasjóðinn voru þau í samræmi við það sem verður að teljast eðlilegt svar miðað við það hvað stjórnvöld alls staðar í heiminum voru að vinna að á þessum tíma. Ekki er hægt að líta svo á að svörin hafi skapaði ríkissjóði nýjar fjárhagslegar skuldbindingar.

Þá er á það að líta að markmiðið var að færa Icesave-reikningana í dótturfélög í Bretlandi og mjög viðkvæmar umræður um það í gangi á þessum tíma við bresk stjórnvöld sem viðskiptaráðuneytið og stofnanir þess stóðu að.

Hér kemur svo auðvitað aftur að þeirri spurningu hvað átti fjármálaráðuneytið að gera annað en það gerði? Átti ráðuneytið að stöðva viðskiptaráðuneytið í því að svara bréfinu? Hvernig átti það að gerast? Átti ráðuneytið að setja sig opinberlega upp á móti afstöðu viðskiptaráðuneytisins? Hvaða afleiðingar til skemmri og lengri tíma hefðu slíkar aðgerðir haft á Landsbankann, Icesave-innstæðueigendur, aðra innistæðueigendur hjá Landsbankanum og öðrum innlánsstofnunum og stöðu hinna bankanna. Þetta þarf allt að skoðast í því ljósi að þessar ákvarðanir voru teknar fyrir fall fjárfestingabankans Lehman Brothers. Ef að til eru öyggjandi svör við þessu í dag hvers vegna sá ráðuneytið sem fór með málaflokkinn þ.e. viðskiptaráðuneytið þau ekki sumarið 2008?

Þá þarf að hafa í huga að Edge- og Icesave-innistæður bankanna voru litnar jákvæðum augum af eftirlits- og greiningaraðilum langt fram eftir ári 2008. Þessar innstæður sem slíkar leiddu ekki til falls bankanna heldur fjámögnunarvandi þeirra, staða útlána og samskipti við erlenda eftirlitsaðila.

VIII.

Loks beinist athugun rannsóknarnefndar, samkvæmt bréfi hennar, að því hvort mér hafi samkvæmt 33. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, borið að „hafa samráð við viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson áður en ákvörðun var tekin á grundvelli ákvæðisins um að gera tilboð um kaup á 75% hluti í Glitni“ og hvort að það teljist hafa verið „vanræksla“ í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 að hafa látið það hjá líða.

Undirritaður hafnar framangreindu alfarið.

Í fyrsta lagi skal tekið fram að ekki hafði verið tekin endanleg ákvörðun um hvort umrædd fjárútlát færu fram á grundvelli 33. gr. laga nr. 88/1997, eða með sérstakri lagaheimild frá Alþingi. Á þetta reyndi aldrei þar sem fjármunirnir voru aldrei greiddir út. Virkjaðist ákvæði 33. gr. laga nr. 88/1997 því aldrei. Hefði endanleg ákvörðun verið tekin af Alþingi hefði það verið gert með lögum og þá vitaskuld að undangenginni hefðbundinni meðferð í ríkisstjórn og þinglegri meðferð, þar sem viðskiptaráðherra hefði, sem ráðaherra og alþingismaður, getað komið að sjónarmiðum eins og aðrir

Í öðru lagi er það svo að samkvæmt 2. tölul. 5. gr. reglugerðar nr. 177/2007 fór ég sem fjármálaráðherra með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf. Það er svo að samkvæmt 2. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 177/2007 fór viðskiptaráðherra með mál er varða „fjármálamarkað“. Lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins fjall um greiðslur úr ríkissjóði og fjárheimildir stofnana ríkisins. Ákvörðun sú sem hér um ræðir fól í sér eignakaup af hálfu ríkisins, þ.e. kaup á hlutafé, eins og áður segir, en ekki t.a.m. framlag til opinberra stofnana sem tengsl hafa við fjármálamarkaðinn. Þótt viðskiptaráðherra færi með mál er vörðuðu „fjármálamarkað“ þá fór hann ekki, og fer ekki, með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Gat því aldrei átt við að hafa samráð við viðskiptaráðherra á þessum forsendum, þ.e. að þetta væri framlag vegna þessarar fyrirætlunar um kaup á hlutum í Glitni. Samkvæmt því þurfti ég ekki að leita

samráðs við viðskiptaráðherra áður en ég tók ákvörðun um að kaupa hlut í hlutafélaginu Glitni.

Í þriðja lagi, og hvað sem öðru líður, getur ákvæði 33. gr. laga nr. 88/1997 ekki valdið því að ég hafi átt að hafa samráð við viðskiptaráðherra vegna þessara kaupa. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fyrir liggur að tillaga að kaupum á hlut í Glitni kom frá Seðlabanka Íslands til ríkisstjórnar. Samkvæmt reglugerð nr. 177/2007 fór forsætisráðherra með mál er varða Seðlabankann. Seðlabankinn heyrir þannig stjórnarfarslega undir forsætisráðherra. Fyrir liggur að fullt samráð var haft við Geir H. Haarde þáverandi forsætisráðherra vegna þessara kaupa. Var ákvæði 33. gr. laga nr. 88/1997 þegar af þeirri ástæðu fullnægt.

Loks er það svo að líta verður svo á samráð hafi í raun átt sér stað við viðskiptaráðherra. Þannig var aðstoðarmaður hans, Jón Þór Sturluson, fullur þátttakandi í undirbúningi þessara fyrirætlaða, og ætla verður að hann hafi sem slíkur komið til hans boðum. Mér var ennfremur rétt að líta á hann sem fulltrúa viðskiptaráðherra í þessu ferli. Þá liggur fyrir að forstjóri Fjármálaeftirlitsins kom ítarlega að þessu máli, en Fjármálaeftirlitið heyrir undir viðskiptaráðherra eins og áður segir, og er sú stofnun sem fór með málefni bankakerfisins að svo miklu leyti sem þau heyra undir viðskiptaráðuneytið, auk þess að vera sú stofnun viðskiptaráðuneytisins sem gat metið áhrif þess á fjármálakrefið að ríkið keypti hlut í Glitni. Auk þess var þáverandi iðnaðaráðherra Össur Skarphéðinsson, fullur þátttakandi í þessu máli þessa umræddu helgi og kom þar fram fyrir hönd síns flokks, Samfylkingarinnar. Tóku allir þessir aðilar þátt í undirbúningi og umræðum um málið áður en það var borið undir aðra ráðherra, þ.e. alla ráðherra ríkisstjórnarinnar.

Í þessu sambandi verður ennfremur, og hvað sem öðru líður, að horfa til þeirra venja sem skapast hafa í samsteypustjórnnum hér á landi, að það er í framkvæmd á forræði flokkanna að skipa mönnum til verka í þessum málum sem öðrum. Ríkir um það ákveðin *stjórnarfarsleg venja* sem hefur verið við lýði mjög lengi.

Þessu öllu til viðbótar átti forsætisráðherra fund með viðskiptaráðherra um málið áður en það var gert opinbert og viðskiptaráðherra lýsti sig sammála málinu bæði þá og síðar opinberlega. Hann staðfesti það svo síðar í viðtölum við fjölmiðla, t.d. fréttavefinn mbl.is 29. september 2008 og í sjónvarpsviðtali að kvöldi þess dags.

Rétt er ennfremur að ítreka, eins og áður segir, að þeir fjármunir sem hér um ræðir voru aldrei greiddir úr ríkissjóði. Þegar af þessari ástæðu virkjaðist ákvæði 33. gr. laga nr. 88/1997 aldrei.

Með vísan til alls framangreinds er því hafnað að undirritaður hafi brotið gegn 33. gr. laga nr. 88/1997 í tengslum við þá ákvörðun að gera af hálfu ríkissjóðs tilboð um kaup á 75% hlut í Glitni.

IX.

Að framan eru rakin viðhorf mín til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 8. febrúar sl. Rétt er að taka fram að það gjörningaveður sem reið yfir íslenskt fjármálakerfi haustið 2008 á sér vitaskuld orsakir víða og því ekki áhlaups verk að „leita sannleikans“ í þessu efni. Orsakirnar eru margslungnar og samspil ýmissa þátta. Þannig er þær að rekja til erlendra og innlendra aðila, einkaaðila ekki síður, og raunar mun fremur, en stjórnvalda. Til að mynda er það skoðun sænska bankasérfræðingsins Mats Josefsson, sem starfaði hér á landi eftir hrunið, að

viðskiptalegar ákvarðanir af hálfu bankanna hafi leitt til hrunsins. Þessari skoðun sinni lýsti Mats í sjónvarpsviðtali í Ríkissjónvarpinu í nóvember 2009.

Þá er ljóst að við skoðun á aðkomu stjórnvalda, aðgerðum þeirra og meintu aðgerðarleysi, verður að taka mun rýmri sýn á rás atburða en nemur árinu 2008, og leita aftur í tímann, t.d. til einkavæðingar bankanna 2002-2003, aðildar Íslands að EES-samningnum 1993 o.s.frv. Í þeim efnum verður ennfremur að skoða ábyrgð löggjafans sjálfs, þ.e. Alþingis, sem með lögum lagði grunn að því fjármálakerfi sem hér byggðist upp og síðar hrundi. Skál hér m.a. vakinn athygli á því að í kosningum til Alþingis árið 2007 hafði enginn stjórnmálaflokkur það á stefnuskrá sinni að takmarka umsvif bankanna, og er þar Vinstri-hreyfingin grænt framboð ekki undanskilin. Það verður því að leggja til grundvallar að sæmileg samstaða hafi verið hjá flokkunum um fyrirkomulag fjármálakerfisins. Að minnsta kosti hreyfði enginn stjórnmálaflokkur viðhorfum um annað.

Varðandi heimshrunið, sem með afdrifaríkum hætti hæfði Íslands stendur á haustdögum 2008, er athyglisvert bréf Jamie Dimon stjórnarformanns JPMorgan Chase til hluthafa í ársskýrslu fyrir árið 2008 (meðfylgjandi hjálögð). Þar koma ýmis eftirtektarverð sjónarmið fram varðandi hrunið og aðdraganda þess. Þar rakti hann m.a. að ástæður hrunsins hefðu einkum verið: 1) húsnæðisbólun í Bandaríkjunum, 2) skuldsetning fram úr hófi, 3) stórauðin kerfisleg áhætta og hin ófyrirséða hætta sem af því hlaut, 4) galli á regluverki og mistök í framkvæmd og 5) áhrif stórs vöruskipta- og fjárhagshalla á vexti, neyslu og spákaupmennsku. Eins og sjá má er ástæðna hrunsins að leita víða. Varðandi aðkomu stjórnvalda almennt í heiminum hlýtur hún að felast í meintum göllum á reglusetningu og mistökum í framkvæmd. Í bréfi sínu til hluthafa rekur stjórnarformaður JPMorgan Chase nokkur dæmi um slíkt, og vísar þá einkum til skorts á reglum á vissum sviðum fjármálamarkaðarins. Hann tekur þó fram (bls. 17) að hann kenni ekki þeim sem vald höfðu til að setja reglur um hvernig fór. Í sérhverjum aðstæðum hvíli ábyrgð á athöfnum fyrirtækja hjá stjórnendum þeirra. Það að reglur leyfðu tiltekna háttsemi þýðir ekki sjálfkrafa að fyrirtækin hafi átt að framkvæma þá háttsemi sem leyfileg var.

Ljóst er að kreppuna var ekki hægt að sjá fyrir. Þannig sagði Ben Bernanke seðlabankastjóri Bandaríkjanna um kreppuna í viðtali við Time Magazine í janúar 2010 þar sem hann var valinn maður ársins („Person of the Year“): „I certainly did not anticipate. I wish I had, but I didn't“. Fyrst seðlabankastjóri Bandaríkjanna sá kreppuna ekki fyrir hvernig gátu ráðamenn á Íslandi séð hana fyrir, og hvað þá borið á henni ábyrgð.

